| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 12. júní 2015 – 1. útg |
| **Námsgrein** | Stærðfræði |
| **Titill** | Föll og gröf |
| **Skammstöfun** | STÆR2BD05 |
| **Viðfangsefni** | Lograr, vísiföll og hornaföll |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 2 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Efni áfangans er að kunna skil á mismunandi gerðum falla, s.s. margliðum,algildisföllum, hornaföllum, logrum, vísisföllum, samskeyttum og samsettum föllum. |
| **Forkröfur áfanga** | **STÆR2BC05** |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• mismunandi eiginleikum ólíkra falla.<br>• eiginleikum margliða.<br>• eiginleikum algildisfalla.<br>• eiginleikum hornafalla, undirstöðureglum hornafræðinnar og reglum tengdum þeim.<br>• einingahringnum og tengslum hans við hornaföll.<br>• logrum og vísisföllum og reglum þeim tengdum.<br>• eiginleikum samsettra og samskeyttra falla.<br>• andhverfu falla.<br>• samfelldni, eintækni, átækni og gagntækni falla.<br>• oddstæðum og jafnstæðum föllum. |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• nota mismunandi gerðir falla til að leysa verkefni, til dæmis nota vísisföll í vaxtareikningi.<br>• búa til gildistöflu og teikna graf mismunandi falla.<br>• leysa jöfnur með mismunandi föllum.<br>• nota tölvuforrit við lausn verkefna |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau<br>• skilja röksemdir og röksamhengi í mæltu máli og texta, þar með taldar sannanir í námsefni |

| | |
|---|---|
| | • beita skipulegum aðferðum við að leysa úr viðfangsefnum og þrautum, s. s. út frá þekkingu á lausnum svipaðra þrauta, unnið til baka frá þekktum stærðum eða með því að setja upp jöfnur, ójöfnur, föll eða gröf<br>• skiptast á skoðunum við aðra um stærðfræðileg viðfangsefni.<br>• útskýra hugmyndir sínar og verk skilmerkilega |
| **Námsmat** | |